

Hljómplötuútgáfan Steinar hf. eftirleiðis nefnd hljómlistarútgefandi og hljómsveitin Ego eftirleiðis nefnd hljómlistarflytjandi gera með sér svofelldan

S A M N I N G

1. gr. Hljómlistarflytjandi vinnur verk sín samkvæmt samningi þessum sem sjálfstæður verktaki, en ekki sem starfsmaður útgefanda.
2. gr. Um réttindi og skyldur aðila fer í einu og öllu eftir samningi þessum.
3. gr.
  - a) Hljómlistarútgefandi sér um að láta gera hljóðupptökur með hljómlistarflytjanda. Skal hljómlistarflytjandi gera 3 LP plötur fyrir hljómlistarútgefanda með sem jöfnustu milli-bili á næstu 3 árum, frá undirritun þessa samnings.
  - b) Hljómlistarútgefandi greiðir hljóðupptökukostnað vegna hvernar af þessum þrem LP plötum sem nemur: hljómplata 1, 100 klst., hljómplata 2, 120 klst., hljómplata 3, 140 klst., í hljóðrásaveri.
  - c) Hljómlistarútgefandi sér um ráðningar upptökustjórnanda og aðstoðarhljóðferaleikara, val á hljóðrásaveri og önnur þau verk sem tilheyra framkvæmd eða kostnaði við upptökurnar. Einnig sér hljómlistarútgefandi um allt það sem tilheyrir því að koma upptökunum á markað í því formi sem þær verða seldar í.
  - d) Hljómlistarútgefandi hefur allt ákvörðunarvald hvað kostnað við öll þau atriði er upp eru talin í lið 3 c) hér að ofan, auk annara liða er upp kunna að koma. Hljómlistarútgefandi ber þar af leiðandi alla ábyrgð vegna kostnaðar þeirra. Allar skuldbindingar varðandi aðkeyptan kostnað við gerð hvernar hljómplötu skulu gerðar af hljómlistarútgefanda.
4. gr. Noti hljómlistarflytjandi meiri tíma í hljóðrásaveri en fram kemur í lið 3 b), er hljómlistarflytjandi ábyrgur fyrir þeim kostnaði og öðrum skuldbindingum er hljómlistarflytjandi kann að gera og ekki hafa verið samþykktar af hljómlistarútgefanda.

4. gr.

- b) Noti hljómlistarflytjandi ekki að fullu þá tíma sem um getur í lið 3 b) skal hann fá þann mismun er upp á vantar greiddan í fyrsta uppgjöri, ef ljóst er að um tap á viðkomandi útgáfu er ekki að ræða.

5. gr.

Hljómlistarflytjandi er ekki heimilt að gera samsvarandi samning við önnur útgáfufyrirtæki á meðan á samningstímabilinu stendur. Hljómlistarútgefandi hefur einkarétt á notkun nafna hljómlistarflytjanda á öllu því er varðar útgáfu á hljómplötum og kasettum og því sem fylgir, að kynna, selja, auglýsa og öðru sem fylgir því að koma hljómlistarflytjanda og verkum hans á framfæri.

9. gr.

Hljómlistarútgefandi fær í sinn hlut 10% áður en þóknun til hljómlistarflytjanda er reiknuð sbr. síðar. Skal þessi fjárhæð mæta kostnaði hljómlistarútgefanda vegna dreifingu, sölu, innheimtukostnaðar, rýrnun, fjármagnskostnaði ofl. þh..

7. gr.

- a) Þóknun til hljómlistarflytjanda skal reikna á eftirfarandi hátt. Hljómlistarútgefandi skal greiða hljómlistarflytjanda kr. 20.000.- sem fyrirframgreiðslu inná væntanlegan ágóðahlut. Helmingur af þessari upphæð skal greiðast við undirskrift þessa samnings, en seinni helminguinn skal greiðast eigi síðar en 30 dögum eftir að upptökum fyrir fyrstu væntanlegu LP plötuna lýkur.
- b) Fari sala eintaka á Íslandi fram yfir 4000 eintök, skal þóknun reiknast 8% eftir það. Gildir þetta eingöngu um sölu sem á sér stað á Íslandi.
- c) Gildir þetta hvort sem um er að ræða LP plötur, kasettur, litlar plötur eða annað það form sem upptökurnar kunna að verða gefnar út í.

8. gr. Uppgjör fer fram til hljómlistarflytjanda 4 mánuðum eftir útgáfudag hljómskífunnar, sé þess kostur. Sé uppgjör ekki mögulegt vegna atvika, sem ekki varða hljómlistarútgefanda skal nettó ágóðahlutur áætlaður af bókhaldara hljómlistarútgefanda m.v. bókhladsgögn um seld eintök. Frekari uppgjör miðast síðan við áramót og skal gert upp eigi síðar en þrem mánuðum frá áramótum. Till uppgjörs koma öll seld eintök af hljómplötum og kasettum með verkum hljómlistarflytjanda.
9. gr.
- a) Hljómlistarútgefandi á einn allan útgáfurétt á þeim hljóðupptökum, sem samningur þessi fjallar um, hvort sem er í heild sinni eða einstökum hlutum (lögum) innan lands sem utan, komi síðar til útgáfu á hljóðupptökunum að hluta, fær hljómlistarflytjandi greitt skv. hlutfalli efnis við annað á þeirri hljómplötu/kassettu og þá í fullu samræmi við þau ákvæði sem gilda í samningi þessum sbr. 6. gr. og 7. gr. Sama gildir um útgáfu tveggja laga platna eða hvað það form sem hljómlistarútgefandi ákveður að upptökurnar séu gefnar út í.
- b) Hljómlistarútgefandi á einnig allan útgáfurétt á þeim upptökum öðrum sem teknar eru upp af hljómlistarflytjanda á samningstímabilinu, hvort sem þær verða útgefnar á samningstímabilinu eða ekki. Komi til að þær upptökur verði útgefnar skulu gilda um þær sömu reglur varðandi þóknun til hljómlistarflytjanda og getið er í 6. gr. og 7. gr. b) hér að ofan.
10. gr. Hljómlistarflytjandi skal vinna verk sín skv. samningi þessum af sinni bestu getu og kunnáttu og rækja þau samviskusamlega. Skal hann leitast við að gæta hagsmuna hljómlistarútgefanda í öllum verkum sínum og athöfnum, sem varða samning þennan. Sérstaklega ber hljómlistarflytjanda að sjá til þess að verkefni og vinna skv. samningi þessum, séu unnin á sem skemmstum tíma en þó fullnægjandi í alla staði og að jafnframt ber honum að kappkosta að kostnaður vegna verka hans sé innan marka upphaflegrar kostnaðaráætlunar.
11. gr. Verði tap að ræða á hljómlistarútgáfunni skv. samningi þessum hvort sem er fyrsta útgáfa eða einhver hinna síðari eða hljómlistarflytjandi heldur ekki samning þennan að mati

hljómlistarútgefanda og þá sérstaklega 10. gr. þessa samnings, er hljómlistarútgefandi heimilt einhliða og án fyrirvara að segja samningi þessum upp.

12. gr. Hljómlistarútgefandi skal bera allan kostnað við að koma
- a) hljóðupptökum á framfæri erlendis.
  - b) Hljómlistarútgefandi hefur allan ákvörðunar-, samnings-, og framsalsrétt, hvað varðar öll þau atriði sem þessi samningur gildir um.
  - c) Komi til að hljómlistarútgefandi geri framsalssamning vegna útgáfu í útlöndum þar sem ekki reynist unnt að fá tryggða þóknun tvöfalt hærri en hljómlistarflytjanda er tryggð í samningi þessum, þ.e.a.s. ef prósentu sý sem til grundvallar er lögð sbr. 7. gr. b) nær ekki að vera 12% skal hljómlistarflytjandi fá 50% af öllum ágóða er slík útgáfa kann að skapa hljómlistarútgefanda.
13. gr. Hljómlistarútgefandi er heimilt að framlægja samningstímabilinu um 2 ár og 2 LP plötur og öllum þeim ákvæðum öðrum er fram koma um réttindi og skyldur samningsaðila í þessum samningi.
14. gr. Hljómlistarútgefandi hefur allan rétt til að hafa nöfn hljómlistarflytjanda hvort sem um er að ræða eigin nöfn eða samheiti þeirra listamanna, í auglýsingaskyni til að koma hljóðupptökum þeim sem samningur þessi tekur til á framfæri.
- a) Komi til að nöfn eða samheiti eða hvað það annað sem rót sína á að rekja til þess að upptökum með hljómlistarflytjanda var komið á framfæri, verði gert að söluveru, á einhvern hátt, fer hljómlistarútgefandi einnig með allan ákvörðunar-, samnings-, og framsalsrétt hvað slíkt varðar. Fer hljómlistarflytjandi 50 % af öllum ágóða er slíkt kann að skapa hljómlistarflytjanda. Er Ísland þó undanskilið hvað þetta varðar.
15. gr. Vanefni samningsaðilar samning þennan gilda um það almennar bótareglur.

16. gr. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi  
Reykjavíkur án undangenginnar sáttameðferðar hjá sáttanefnd.

Reykjavík ..15. FEB. 1982

Órnauellur

F.h. hljómlistarútgefanda

Vottar:

Sjón

8706-5221

U. MOKKENBEN

US41-9576.

Asbjörn Mathers

F.h. hljómlistarflytjanda

Bergja Mathers  
Jóhanna Magnúsdóttir

MAGNÚS STEFANSSON